

Auðarskóli, þak 2017 – útboð

Dalabyggð óskar eftir tilboðum í verkið *Auðarskóli, þak 2017 - útboð*.

Verkið felur í sér rif á núverandi trapizustáli af þaki efri álmu Auðarskóla og klæðningu á bástáli í staðinn, endurnýja þakpappa, skotrennur, flasningar, kjöljárn o.fl. Einnig endurnýjun burðarvirkis og klæðningu þakkants, skipta um þakrennur og niðurfallsrör. Þakflötur er um 690 m² og þakkantur er um 100 m. Skiladagur verksins er 4. ágúst 2017.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt og án endurgjalds í stjórnsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal, frá og með miðvikudeginum 5. apríl n.k. Hægt er að óska eftir gögnum hjá Kristjáni Inga Arnarssyni skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is og í síma 430 4700.

Tilboð verða opnuð í stjórnsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal, föstudaginn 21. apríl kl. 11.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Lagning ljósleiðara - útboð

Dalaveitur ehf. óska eftir tilboðum í lagningu ljósleiðara í dreifbýli Dalabyggðar. Leggja skal ljósleiðaralagnir, ganga frá þeim inn fyrir vegg á tengistöðum og ganga frá yfirborði. Verkið skiptist í þrjá hluta og eru helstu magntölur þessar:

Leið 1: Plæging stofn- og heimtauga	25,2 km
Leið 2: Plæging stofn- og heimtauga	27,4 km
Leið 3: Plæging stofn- og heimtauga	15,4 km
Alls:	68,0 km

Verklok eru 30. september 2017.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11 í Búðardal eða í tölvupósti. Senda skal ósk um útboðsgögn á netfangið sveitarstjori@dalir.is. Gögnin verða tilbúin til afhendingar miðvikudaginn 5. apríl n.k.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal, fyrir kl. 14 miðvikudaginn 12. apríl n.k., en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Dalaveitur ehf. áskilja sér rétt til að taka tilboðum og/eða hafna í hvern hluta verksins fyrir sig.



DALAPÓSTURINN

4. tölublað, 10. árgangur

4. apríl 2017

Árshátíð Auðarskóla

Fimmtudaginn 6. apríl verður haldin árshátíð nemenda Auðarskóla í Dalabúð kl. 18. Áætlað er að dagskrá og súpa taki allt að tvær klukkustundir, en í ár verður boðið uppá súpu og meðlæti í stað kaffiveitinga.

Miðaverð er 1.000 kr fyrir 6 ára og eldri.

Allir eru velkomnir; mömmur, pabbar, systur, bræður, ömmur, afar, frænkur, frændur og aðrir velunnarar skólans.

Íbúafundur

Íbúafundur verður haldinn í Dalabúð þriðjudaginn 11. apríl og hefst kl. 20. Á dagskrá eru ársreikningur Dalabyggðar árið 2016, fjárhags- og framkvæmdaáætlun árið 2017, lagning ljósleiðara ofl.

Íbúar Dalabyggðar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum.

Sögustund í Mjósundum

Síðasta sögustund Byggðasafns Dalamanna þennan veturinn verður í Mjósundum á Svínadal miðvikudaginn 12. apríl kl. 18:30. Miðað er við mætingu við gönguleið vestan Mjósunda.

Veður ræður nokkru um dagskrána. Ef vel viðrar verður gengið að Hvolsseli, en að öðrum kosti verður umhverfi Mjósunda og menningarmínjar þar skoðaðar.

Jörfagleði

Jörfagleði verður haldin dagana 19.-23. apríl. Dagskrá verður auglýst fljótlega á vef Dalabyggðar, Facebook og víðar.